

4. fundur Betadeildar starfsárið 2018 – 2019 haldinn 12. febrúar kl. 19:30 í Menntaskólanum á Akureyri.

1. Sigríður setti fund, bauð konur velkomnar og bar fundinum kveðjur fjarstaddra kvenna.
2. Hanna Salómons dóttir kveikti á kertum. Sigríður kynnti undirbúningsnefnd fundarins sem tók við stjórn dagskrár og sá Jónína um fundarstjórn.
3. Elín las síðustu fundargerð og var hún samþykkt með lítilli leiðréttingu.
4. Konur kynna sig. Þorgerður Sigurðardóttir og Selma Hauksdóttir sögðu frá sér.
5. Jóhanna Þorsteinsdóttir fagnaði sjötíu ára afmæli þann 20. desember sl. og var henni færð gjöf frá Betasystrum, gjöf sem gefur frá UNICEF.
6. Erindi frá stjórn:
 - Sigríður minnti á póst frá uppstillinganefnd DKG um framboð í stjórn samtakanna og sagði þær Aníta og Jónínu hafa sýnt viðbrögð og gefi kost á sér. Var því fagnað. Jafnframt minnti Sigríður á landssambandsþingið 4. maí og fór yfir dagskrárliði þingsins. Hún sagði mikilvægt að gjaldkerar deildanna mæti þar sem umræða verður um breytingar á innheimtu gjalda. Sigríður hvatti konur til að mæta og sagði þátttökugjald vera 1000 kr.
 - Sigríður ræddi um mögulega aðkomu deildarinnar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og minnti konur á póst sem barst um þetta efni. Vel var tekið í þessa umræðu og ákveðið að konur myndu kynna sér Heimsmarkmiðin fyrir næsta fund.
 - Rætt var um Alþjóðaráðstefnu DKG sem verður í Reykjavík 25. – 27. Júlí. Sigríður sagði vef ráðstefnunnar mjög aðgengilegan og las upp drög að dagskrá. Þátttökugjald er 16.000 kr. ef bókað er fyrir 26. júní. Rætt var um hvort konur hefðu áhuga á að gista saman og vera þá tímanlega með pantanir á gistingu. Aníta sem er í viðburðanefnd fyrir ráðstefnuna tekur meðal annars þátt í undirbúningi fyrir galakvöldverð. Hún ásamt Þorgerði í Mýdeild hafa fengið það verkefni að sjá um borðskreytingar og bað Aníta Betakonur um liðsinni við að finna góðar hugmyndir og veita aðra aðstoð við undirbúning. Var því vel tekið.
7. Önnur mál
 - Málefni Elísabetarsjóðs. Anna Þóra sagði sjóðsnefnd hafa rekið sig á annmarka í þeim reglum sem samþykktar voru í maí sl. en þar stendur ekkert um það hvernig eigi að sækja um í sjóðinn. Nefndin hefur komist að niðurstöðu um að nokkur atriði væri vert að bæta og varða þær greinar 3, 7, 8, 9, 10 og 11. Þessar endurbætur voru bornar upp á fundinum og voru allar samþykktar.
 - Hugrún fór yfir starf 5. októbernefndarinnar og nokkur atriði sem mikilvægt er að huga að varðandi undirbúning fyrir samræðuþing. Hugrún sagði undirbúninginn verða auðveldari með tímanum og nefndin hafi farið snemma af stað í fyrra svo búið var að ákveða efni um vorið. Kennarafélög á svæðinu komu til samstarfs um þingið, það gerði það að verkum að unnt var að sækja um styrk til þinghaldsins. Rætt var um hvort BKNE geti komið meira að undirbúningi t.d. með því að koma auglýsingum og umfjöllun inn á vef KÍ og í Skólavörðuna. Einnig var rætt um að auglýsa þingið betur þegar nær því dregur s.s. með því að senda pósta í skólana og setja auglýsingu í Dagskrána. Einnig að gleyma ekki okkur sjálfum og minna á þingið í okkar röðum eins og á Facebook og í tölvupóstum sem og að nýta mannauðinn innan deildanna. Elín og Helena munu sitja áfram í 5.októbernefndinni og Hugrún hefur haft samband við Ernu Gunnarsdóttur sem

hefur tekið vel í það að taka við af henni. Hugrún kallaði einnig eftir fleiri áhugasömum í nefndina. Úr Mýdeild munu Björg Sigurvinsdóttir og Magnea Helgadóttir sitja í nefndinni.

- Jóhanna flutti konum kveðju frá Ragnheiði Stefánsdóttur sem hún hafði nýlega hitt og átt góða stund með í Reykjavík.
8. Kaffihlé, pyngja og happdrætti. Að venju voru kaffiveitingar myndarlegar og meðan konur gæddu sér á kaffi og meðlæti gekk pyngjan góða. Dregið var í happdrættinu og fékk Björk Sigurðardóttir vinninginn.
 9. Gestafyrirlesarar að þessu sinni voru Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu Samfélagssviðs. Þær kynntu fyrir Betakönnum innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Akureyrarbæ sem er fyrsta sveitarfélagið til að innleiða þennan sáttmála. Alfa og Bryndís fjölluðu m.a. um hvað felist í barnvænu samfélagi skv. þessum sáttmála, hvar áherslurnar liggi í því starfi að koma því á og fóru yfir aðgerðaáætlun sem samþykkt var nýlega í bæjarstjórn. Ingibjörg Auðunsdóttir færði fyrirlesurum rós og þakkir fyrir góðan fyrirlestur.
 10. Fundi var slitið klukkan 9:45. Sigríður þakkaði konum góða fundarsetu og undirbúningsnefnd fyrir þeirra framlag og slökkti á kertunum.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir